

Náttúrufræðistofnun Íslands

Halldór G. Pétursson 1999:

Námumöguleikar á vegarkaflanum Hofteigur-Selland á Jökuldal.

Greinargerð til Vegagerðarinnar á Reyðarfirði.

Námumöguleikar á vegarkaflanum HOFTEIGUR-SELLAND á Jökuldal

Síðastliðið sumar kannaði ég nokkuð námumöguleika og efnisgerð meðfram vegarkaflanum frá Hofteigi og að slitlagsenda við Selland á Jökuldal. Var þetta verk unnið fyrir Vegagerðina á Reyðarfirði og var í framhaldi af efnisleit og greftri könnunarholna á vegkaflanum, Gilsá-Hofteigur á Jökuldal. Einnig stóð til að grafa könnunarholur á kaflanum Selland-Hofteigur í sumar, en því var af ýmsum ástæðum slegið á frest og bíður betri tíma. Þá hefur lega veglínunnar ekki heldur verið endanlega ákvörðuð. Á meðan þetta verk er þannig í biðstöðu, þótti rétt að setja á blað helstu niðurstöður vettvangskönnunarinnar frá því í sumar. Með þessari greinargerð fylgja tvær loftmyndir, sem ýmsar upplýsingar hafa verið merktar inn á.

Í nágrenni Hofteigs er mikið af lausum jarðlögum, eins og t.d. sést í gamalli gryfju rétt utan við Sveigsá (**svæði A**), en hér er um að ræða sendna möl með nokkru magni af steinum og hnallungum, sem flestir er 0,2-0,3 m í þvermál. Þetta efni gæti hentað sem fyllingarefni og hugsanlega sem neðra burðarlag. Töluvert efni finnst á þessum slóðum og er rétt að skoða það betur í framtíðinni, t.d. á **Svæði B**, sem er rétt innan við Hvanná II, en þar er melhjalli neðan við þjóðveginn sem ástæða er til að kanna nánar.

Við Hvanná I og II eru nokkur svæði er vert er að skoða betur, en hér hefur ekki enn þá verið ákveðið hvar veglínan muni liggja. Að minnsta kosti þrjár línur koma til greina:

1) Að fylgja nánast núverandi veglínu en hnika henni aðeins út í ána, rétt utan við Hvanná I. Þá þarf að gera uppfyllingu með grjótvörn, en magn og styrkleiki grjótvagnarinnar fer mjög eftir því hvers konar vatnsfall Jökulsá verður í framtíðinni. Það ræðst af því hvort eitthvað verður úr þeim virkjunaráformum sem hvað mest er rætt um þessa dagana. Ef Jökulsá verður eitthvað svipuð og í dag, þá þarf mjög öflugra grjótvörn. Þarna í nágrenninu er hvergi að sjá hentugt berg í grjótnám á yfirborði, nema helst lengt upp á heiði. Eins og aðstæður eru í dag virðist það framkvæmanlegt að gera uppfyllingu við Jökulsá á þessum stað. Klöpp er í árbakkanum rétt utan við Hvanná I og kastar hún ánni frá bakkanum. Eins og er liggur meginkvísl Jökulsár hinum megin á eyrunum og virðist sem áin sé að þar að grafa sig eitthvað niður. Ekki er auðvelt að spá fyrir um þróun vatnsfalla eins og Jökulsár og þess vegna gæti hún fljótlega tekið upp á því að falla upp að bakkanum við Hvanná af fullum krafti.

2) Leggja nýjan veg á melhjöllum í hlíðinni ofan við Hvanná I og II. Vandamálið hér er að vegurinn yrði lagður á hentugum efnistökusvæðum (**svæði C**), en hjallarnir eru gerðir úr möl, steinum og hnallungum, svipað og víða finnst í dalnum. Ekki er þó ljóst hvort efnið er eins gróft og innar í Jökuldal. Víða er þunnur jarðvegur á hjöllunum, en þótt að hér sé um nokkuð langa myndun að ræða, þá eru hjallarnir ekkert sérlega breiðir. Þeir eru allt að 10 m háir og efnisnám í þá verður mjög áberandi, séð frá Hvanná I og hinum megin úr dalnum. Eftir hjöllunum liggur raflína. Grafa verður í hjallana á nokkrum stöðum, til að kanna innri gerð þeirra, því ekki er útilokað að í þeim leynist jökulruðningur.

3) Þriðja veglínan er svo enn ofar í hlíðinni, en þar eru hjallamyndanir mun minni og laus jarðlög fyrst og fremst jökulruðningur. Hann virðist sumstaðar töluvert þykkur (3-4 m) og má vel vinna úr honum fyllingarefni (**svæði D**). Þarna er land víða velgróið og mýrlent, því töluvert vatn streymir úr ruðningnum. Efnisnám á þessum stað gæti orðið nokkuð áberandi, því svæðið liggur tiltölulega hátt.

Þá er einnig rétt að geta um mikla eyri í Jökulsá, neðan við Hvanná II (**svæði E**), en þar hefur verið unnið efni í efra-burðarlag. Má eflaust vinna þar mun meira efni, á meðan Jökulsá tekur ekki upp á því að flæða yfir eyrina.

Utan við fjárhúsin frá Hvanná I þarf að kanna efnisgerð nánar með greftri (**svæði F**), þarna eru melhjallar en ýmislegt bendir þó til að í þeim gæti leynst jökulruðningur.

Innan við Hauksstaði er stór efnisgryfja og þar hefur verið malað töluvert efni (**svæði G**), en úrkast virðist þó nokkuð. Kanna þarf nánar svæðið í nágrenni gryfjunar og athuga hvort ekki má nýta efnið t.d. sem fyllingarefni eða í burðarlag.


Við Hauksstaði eru miklir hólar og sérstakt landslag. Allt þetta svæði (**svæði H**) þarf að kanna betur (efnisgerð) og huga vel að verndargildi þess. Trúlega leynist þarna mikið af mól, en einnig sást fínna efni. Þarna þarf einnig að huga að vegstæði, því mér sýndist að ef farið yrði sömu leið og rissuð hefur verið inn á loftmyndir, þá yrði þarna mjög stór og áberandi skering. Jafnvel svo að betra væri að fara ofar í hlíðinni, nánast upp á hólunum eða jafnvel eftir núverandi veglínu.

Takmarkaðir eða engir möguleikar á efnistöku virtust mér héðan frá Hauksstöðum og út fyrir Hrólfsstaði (**svæði I?**). Þar er gömul náma, hálffrágengin og full af rusli. Efnið þarna er sandur, en töluvert úrkast af steinum. Náman er í algróinn hjalla, en í honum er sennilega eitthvað af mól ofan og utan á sandi. Beinaleifar eða kuml hafa fundist í hjallanum (í tengslum við efnistöku?), þannig að ýmsu er hér að hyggja áður en farið er út í frekari efnistöku eða jafnvel efnisleit.

Akureyri 13.12. 1999

Halldór G. Pétursson, jarðfræðingur
Náttúrufræðistofnun Íslands
Hafnarstræti 97
600 Akureyri








1:100

1:100

1:100 1:100 1:100



LEGEND


Height in feet


100 feet


Contour interval

1:50,000

1:50,000







U. S. DEPARTMENT OF JUSTICE

Hydrographic

Survey

Gravimetric